

10. Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaðalönd greiðir landkaupandi eða leigjandi:
- Við afhendingu byggingarleyfis í hreppsjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25m² hús kr. 60 000 síðan kr. 6 000 til viðbótar á hvern fermetra umfram 25 m².
11. Hreppsnefnd er heimilt að innheimta eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 6 000 árlega af hverjum sumarbústað vegna nauðsynlegrar gæslu og eftirlits, auk sérstaks gjalds, sem hreppsnefnd ákveður þegar brunavarnir og/eða sorphirðing verður tekin upp.
12. Á gjöld samkvæmt þessari grein má koma álag sem nemur hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

7. gr.

Byggingarnefnd veitir byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum, og skulu uppdrættir gerðir eftir þeim reglum, sem settar eru í byggingarsamþykkt, eftir því sem þær geta átt við.

8. gr.

Nú óskar eigandi lands, þar sem reisa má sumarbústaði, að skipuleggja þar sumarbústaðasvæði, er sé undir stjórn félagasamtaka, og skulu þá gilda reglur 2.—6. gr., eftir því sem þær geta átt við. Heimila má að land slíks sumarbústaðasvæðis sé óskipt, og er þá leyfilegt að reisa stærri sumarbústaði, en segir í 6. gr., þó eigi stærri en 55 m².

Ef um er að ræða sumarbústaðasvæði, eins og að ofan greinir, getur hreppsnefnd áskilið tiltekna samræmda gerð húsa, að því er varðar þök og útlit. Hún getur og áskilið, að á skipulagi séu sýnd sameiginleg leiksvæði, gróðurbelti, gangstígar, bílastæði og annað slíkt.

Um gerð og viðhald sameiginlegra mannvirkja, skal höfð hliðsjón af 3. kafla laga nr. 59/1976 um réttindi og skyldur sameigenda í fjölbýlishúsum frá 17. maí 1976.

9. gr.

Nú vill eigandi sumarbústaðalands, selja það, með eða án mannvirkja og hefur þá hreppssjóður forkaupsrétt.

10. gr.

Nú rís ágreiningur milli landeiganda (leigutaka) og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hreppsnefndar á henni, og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi sem saminn er og samþykktur af hreppsnefnd Hálsahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905 sbr. lög nr. 84/1943, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt 25. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrár neðangreindra rafveitna frá og með 1. janúar 1978:

1. Gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss nr. 410 17. nóvember 1977 hækkun um 14%.
2. Gjaldskrá Rafveitu Akraness nr. 160 29. mars 1977.
Taxtar A. B. og C. í gjaldskránni hækki um 21%.
Taxti D. í gjaldskránni hækki um 15%.
Mælaleiga og heimtaugagjöld hækki um 25%.
3. Gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps nr. 95 9. febrúar 1977 hækki um 22%.
4. Gjaldskrá Rafveitu Grindavíkur nr. 153 14. mars 1977 hækki um 22%.

Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

14. desember 1977.

Nr. 462.

Staðfesing forsetans á skipulagsskrá fyrir Nórusjóð, útgefin á venjulegan hátt ad manatum af dómsmálaráðherra 14. desember 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nórusjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Nórusjóður. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru félagar í Kattavinafélagi Íslands. Stofnfé er kr. 100 000.00, sem er fyrsta tryggin í sjóðinn, gefin til minningar um köttinn Nóru.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leggja fram fé til stofnunar katt heimilis í Reykjavík, sem stofnsett verður og starfrækt af Kattavinafélagi Íslands, og styðja rekstur þess ef með þarf. Ekki er heimilt að verja fé úr sjóðnum til annars, fyrr en rekstur þess heimilis er að fullu tryggður. Þá fyrst og fyrr ekki er heimilt að verja úr sóðnum fé til stofnunar á katt heimili annars staðar og stuðnings á rekstri þess, uns hann er að fullu tryggður, og svo áfram, ef Kattavinafélagi Íslands þykir við þurfa.

Eingöngu má verja fé sjóðsins til Kattaheimilis, sem stofnsett er og rekið af Kattavinafélagi Íslands og aldrei nema til eins í einu, samkvæmt framansögðu.

4. gr.

Stjórn Kattavinafélags Íslands fer með stjórn sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá þessari og má ekki útaf breyta.

Endurskoðandi skal vera löggiltur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheit, tekjur af kortasölu og öðru því, sem félagar og aðrir velunnarar kunna að gera til fjáröflunar, auk vaxta. Heimilt er að verja öllum